**Samkomulag**
**milli**
**HRT þjónustu ehf annars vegar**
**og**
**Verkalýðsfélags Akraness hins vegar.**

**1. gr.**

**Samningstími**
Síðast gildandi samkomulag aðila framlengist til 31. desember 2028 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í þessu felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

**2. gr.**

**Launaákvæði**
Grunnlaun kjarasamnings verða sem hér segir

| Launataxtar frá 1. janúar 2025 | Grunnlaun |
|---|---|
| Vaktmenn 7/7 unnið á sólarhrings 40,62 | 471.050 kr. |
| Dagmenn 10 tíma 7/7 - 25,44% | 481.545 kr. |
| Dagmenn 12 tíma 7/7 – 32,2% | 481.545 kr. |
| Dagmenn | 481.545 kr. |

Orlofs-og desemberuppbætur hækka í samræmi við hlutfallshækkun launa.

Orlofsuppbót árið 2025 verður kr. 308.766.
Desemberuppbót árið 2025 verður kr. 308.766.

Laun þeirra starfsmanna sem ekki taka laun eftir kauptöxtum munu hækka um 6,09% frá 1. janúar 2025

**3. gr.**

**Bónus**

Frá 1. maí 2025 verður greiddur 5% fastur bónus á heildarlaun allra starfsmanna HRT þjónustu sem taka laun eftir kauptöxtum. Samningsaðilar eru sammála um að á samningstímanum verði unnið að því taka upp bónuskerfi sem hafi það markmið að skila báðum aðilum ávinningi. Samtal um nýtt bónuskerfi verður á milli starfsmanna og forsvarsmanna HRT þjónustu.

**4. gr.**

Grunnlaun starfsmanna HRT þjónustu munu taka sömu launabreytingum og kveðið er á um í kjarasamningi Elkem Ísland við stéttarfélögin sem er eftirfarandi:

KB
BB

Grunnlaun samkomulagsins hækka 1. janúar 2026 um sem nemur 95% af breytingu á launavísitölu Hagstofu Íslands fyrir almennan vinnumarkað frá september 2024 til september 2025

Grunnlaun samkomulagsins hækka 1. janúar 2027 um sem nemur 95% af breytingu á launavísitölu Hagstofu Íslands frá desember 2025 til desember 2026

Grunnlaun samkomulagsins hækka 1. janúar 2028 um sem nemur 95% af breytingu á launavísitölu Hagstofu Íslands frá desember 2026 til desember 2027

**5. gr.**

Um öll önnur kjaraatriði og réttindi er kveðið er á um í þessu samkomulagi mun kjarasamningur Elkem Ísland við stéttarfélögin gilda.

Akranesi, 14. maí 2025

F.h. Verkalýðsfélags Akraness

F.h. HRT þjónustu ehf.

**Bókun I**

Í ljósi skoðunar á vaktaálagi starfsmanna þá hefur komið í ljós að vaktaálag er ofreiknað. Samningsaðilar eru sammála um að þeir sem eru í starfi núna (sólarlagsákvæði) muni verða með óbreytt vaktaálag en nýir starfsmenn muni fara á rétt vaktaálag.

- Vaktaálag 12 tíma 7/7 fer úr 32,2% fyrir nýja starfsmenn í 26% Núverandi starfsmenn verða áfram með 32,2%
- 12 tíma NV/DV 7/7 fer úr 40,6% í 40,3% fyrir nýja starfsmenn. Núverandi starfsmenn verða áfram með 40,6%
- 10 tíma DV 7/7 fer úr 25,4% í 23,2% fyrir nýja starfsmenn. Núverandi starfsmenn verða áfram með 25,4%

Í útreikningum á meðalvaktarálagi hefur verið tekið tillit til rauðu dagana sem falla frá mánudegi til föstudags sem og vinnu á stórhátíðardögum.